

4. mál 2021-2022

Flutt af biskupi Íslands

Pingsályktun um heildarstefnu Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi heildarstefnu þjóðkirkjunnar:

Þjóðkirkjan

Heildarstefna

Hlutverk

Þjóðkirkjan vill vera salt og ljós íslensks samfélags með því að vera trúarlegur og félagslegur vettvangur opinn öllum. Grunnstef í boðun þjóðkirkjunnar er fagnaðarerindið um Jesú Krist.

Framtíðarsýn

Að þjóðkirkjan sé ávallt þekkt af verkum sínum sem lifandi samfélag kristins fólks með heilnæma lífssýn og leiðandi afl til andlegrar velferðar íslensku þjóðarinnar á grundvelli kristinnar trúar og siðaboðskapar.

Grunnstoðir í stefnu

Tilteknar grunnstoðir í stefnu eru forsenda þess að þjóðkirkjan geti á hverjum tíma rækt hlutverk sitt með fullnægjandi hætti og starfað út frá fyrirliggjandi framtíðarsýn og meginmarkmiðum:

- **Samfélagsleg grunnstoð** sem birtist í því að þjóðkirkjan er virkur þátttakandi í samfélaginu, leiðandi afl til andlegrar velferðar á grundvelli kristinnar trúar, lýðræðis og jafnréttis, og sýnileg með ímynd trausts og ábyrgðar.
- **Opinn og aðlaðandi vettvangur** sem grundvallast á því að þjóðkirkjan sé trúarlegt og félagslegt samfélag fyrir allt fólk, veiti mikilvæga kærleiksþjónustu sem nýtur virðingar og trausts og einkennist af umburðarlyndi og víðsýni.
- **Öflugt starf á öllum sviðum** sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, valdeflingu og ábyrgð út frá skýrum markmiðum, skilvirkri og viðeigandi þjónustu við safnaðarstarf og stöðugri þróun í takt við breytingar í íslensku samfélagi.
- **Traustir innviðir** sem eru grundvöllur starfsemi og þjónustu og byggja á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, traustum rekstri og fjárhag og mannauði sem nýtir möguleika sína til fulls í hvetjandi og lýðræðislegu starfsumhverfi þar sem jafnrétti er í hávegum haft.

Þessum grunnsstöðum tengjast tilteknir árangursþættir sem fram koma í stefnuramma og kirkjuþing og stjórnendur miðlægrar starfsemi vakta reglulega á hverjum tíma. Markmið verða skilgreind á grundvelli stefnunnar og lögð fyrir kirkjuþing ásamt áætlun um stefnuáherslur á hverju ári.

Grunngildi

Í allri starfsemi og þjónustu þjóðkirkjunnar er lögð áhersla á að í starfi þjóðkirkjunnar birtist í verki þau grunngildi kirkjunnar að vera ávallt

BIÐJANDI, BOÐANDI OG ÞJÓNANDI

Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2021